

LAUGARDAGUR 1. MAÍ 1971

Hraðbrautir sem kosta 380 milljónir kr.

Í GÆR voru undirritaðir hjá Vegagerð ríkisins verksamningar við þau verktakafyrirtæki, sem lægst tilboð áttu í hraðbrautaframkvæmdir þær, sem boðnar voru út á sl. vetri.

Var annars vegar um að ræða kafla af Vesturlandsvegi frá Úlfarsá upp í Kollafjörð, en það

verk hlaut Þórisós s.f. fyrir samtals 162 millj. kr. og hins vegar tvo kafla af Suðurlandsvegi, frá Selási upp að Lækjarbotnum og frá Hveradalabrekku austur í neðanverða Kamba, en það verk hlutu E. Phil & Són og Ístak hf. fyrir samtals 216,6 millj. kr. Munu framkvæmdir við þessa vegarkafila hefjast næstu daga.

Persilkluukkan endurnýjuð

Í GÆRDAG var hin gamla Torgklukka tekin niður á Lækjartorgi, en hún hefur gegnt þar hinu mikilvæga hlutverki áratugum saman sem aðalklukkan í Miðbænum og klukka strætisvagnanna allar götur frá stofnun Strætisvagna Reykjavíkur.

Torgklukkan, sem líka hefur verið kölluð Persilkluukkan, var upphaflega sett þarna upp að fengnu leyfi borgaryfirvalda, af firma því sem Heinkel heitir og framleiðir þvottaefnið Persil. Voru það Persilauglýsingar sem hana skreyttu, mynd af konu í hvítum sumarkjól á grænum grunni. Þeir Árni Siemsen í Lübeck og Magnús Kjarran stórkaupmaður voru umboðsmenn

þessa þýzka fyrirtækis hér. Síðar tóku synir Árna við rekstri klukkunnar en fyrir skömmu hafa þeir beðið Birgi Kjarran alþingismann um að annast rekstur klukkunnar.

Birgir sagði Mbl. í gær, að ekki myndu líða margar vikur unzt klukkan yrði sett upp aftur, endurnýjuð að öllu leyti og klukk an gæti aftur gegnt hinum mikilvægu verkefnum á Lækjartorgi, ekki aðeins sem klukka torgsins, heldur líka sínu sérstaka hlutverki fyrir unga Reykvíkinga. Þó að mörg séu stefnumótin sunnan við Frikirkjuna, þá munu þau vera enn fleiri við Persilklukkuna.

Loftleiðir:

Mikil aukning í fjölda áningargesta

SAMKVÆMT upplýsingum farskrárdeildar Loftleiða er útlit fyrir mikla aukningu á fjölda áningargesta Loftleiða á Íslandi í ár. Sl. mánudag höfðu þannig verið bókaðir samtals 4.932 áningarfaraþegar fram í lok október

nú í haust (frá mánud. 26. apríl að telja), en það er 22,2% aukning miðað við bókanir á sama tíma í fyrra. Skiptast þeir þannig niður, að 3.130 eru bókaðir í sólarhringsviðvöl, 1.521 í tvo sólarhringa og 281 í þrjá.

Bifreiðatryggingar aðeins endurnýjaðar til 8 mánaða

- Tryggingarárið framvegis frá 1. janúar til 31. desember
- þriggja manna nefnd skipuð til að endurskoða skipulag ábyrgðartryggingakerfisins

RÍKISSTJÓRNIN ákvað í fyrra dag á fundi að synja tryggingafélögum um hækkun á ábyrgðartryggingum bifreiða, en félögin höfðu farið fram á 43,9% hækkun ígjald. Efnahagsstofnunin skilaði ríkisstjórn greinargerð 14. apríl og á grundvelli hennar og með tilliti til verðstöðvunarlaganna var áður nefnd ákvörðun tekin. Var jafnframt ákveðið að skipa þriggja manna nefnd til þess að endurskoða skipulag og framkvæmd ábyrgðartryggingakerfisins.

Tryggingafélögin hafa haldið

því fram, að þau hafi þurft á hækkunum að halda, þegar er verðstöðvunarlögin tóku gildi. Ætlunin mun þó eigi vera sú að láta tryggingafélögin ganga á sjóði sína, heldur mun athugað síðar að iðgjöld beri uppi það tap, sem nú verður af ábyrgðartryggingunum. Þá mun það vera samkvæmt tillögu Félags íslenskra bifreiðaeigenda, sem 3ja manna nefndin er sett á fót, en félagið hefur mjög gagnrýnt reikninga tryggingafélaganna — að þeir séu misjafnlega settir upp og sýni mismunandi kost-



Á morgun efnir Barnamúsíkskólinn til árlegra vortónleika í Austurbæjarbíói, þar sem nemendur skólans leika. Þessi mynd Kr. Ben. sýnir mikla tilfinningu í fiðluleik tveggja nemenda. Sjá bls. 2.

Leirhöfn á Melrakkaslétu:

Ungur maður drukkn- aði er bátkænu hvolfdi

— 3 ungir menn voru á bátnum og vann einn þeirra þrekvirki við björgun féлага síns

Aðfararnótt fimmtudags varð það hörmulega slys undan bæn- um Nýhöfn á Slétu að bát með þremur mönnum hvolfdi skammt undan landi og drukknadri einn maðurinn, Jóhann Kristjánsson, 21 árs gamall, en hinir tveir mennirnir voru mjög hætt komnir.

Mennirnir höfðu verið á grásleppuveiðum, en slysið varð milli kl. 2 og 3 um nóttina, þegar þeir voru á leið til lands á léttabát frá 6 tonna trillu, sem þeir höfðu róið á og lagt síðan við



Jóhann Kristjánsson.

legufæri um 2 hundruð metra frá landi. Þegar bátnum hvolfdi reyndu tveir manna, Jóhann Kristjánsson og Hreinn Elliða- son hinn kunnir knattspyrnumaður, að synda til lands og tókst

Hreini það, en Jóhann sökk þegar hann átti eftir örstutt til lands að sögn Kristins Kristjánssonar 19 ára bróður Jóhanns, en Kristinn hélt sér í kjól bátsins.

Strax og Hreinn, sem er 24 ára gamall, var kominn í land, hrínti hann út bátkænu, sem þarna var skammt frá og reri út að bátnum, sem var á hvolfi, til þess að bjarga Kristni. En þá tókst svo slysalega til, að þeim bát hvolfdi einnig og synti þá Hreinn til lands í annað sinn í ísköldum sjónum. Vakti hann þá upp á býlinu Nýhöfn II og lét vita af slysinu, en um leið og hann var búinn að því, hneig hann niður meðvitundarlaus. Var þá kallað úr hjálparlið og stóð það í jarnum að þegar þeir komu á trillu út að bátnum, sem Kristinn hékk á, var hann orðinn meðvitundarlaus og náðu hjálparmennirnir honum í sama mund og hann sleppti takinu á kilfinum. Komst hann ekki til

Framhald á bls. 2

Ísland sem ráðstefnaland:

Hundruð manna koma í næstu viku

RÁÐSTEFNUM erlendra aðila fer stöðugt fjölgandi á Íslandi og munu fjölmargar ráðstefnur verða haldnar hér í sumar. Í maí verða t.d. þrjár fjölmennar ráðstefnur á Hótel Loftleiðum og Hótel Sögu. Á Loftleiðum hefst ráðstefna 5. maí á vegum EFTA og 15. maí hefst ráðstefna á Hótel Sögu á vegum brezkra verkfræðinga, sem fjalla um hita- og loftræstingakerfi.

Erling Aspelund hótellstjóri á Hótel Loftleiðum sagði að þann 5. maí kæmi undirbúningsnefnd frá Genf hingað til lands til þess að undirbúa frekar ráðstefnuna,

en hérlandis hefur verið unnið lengi að undirbúningi ráðstefnunnar bæði á vegum hótelsins og viðskiptamálaráðuneytisins.

Erling sagði, að allur kjallariinn í hinni nýju álmu hótelsins yrði fyrir fréttamenn, sem reikna að væri með að yrðu 40. Þar verður einnig fréttastofa EFTA, póstur og sími, stúdíó fyrir sjónvarpið, tvær fréttastofur fyrir útvarpið og fleira. Á 1. hæð hússins verða blaðamannafundur í öðrum ráðstefnusalnum tvisvar á dag, en þar verður þýtt jafn- óðum af ensku yfir á þýzku og

Framhald á bls. 2

Framhald á bls. 2